

335. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, miðvikudaginn 22. október 2025 og hófst hann kl. 17:30.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Valgarður L. Jónsson varamaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Arnór Már Guðmundsson verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, fulltrúi skipulags og umhverfismála.

Fyrir tekið:

1. 2510007 - Bygging undir talnavél - Smiðjuvellir 9

Lögð er fram kostnaðaráætlun fyrir nýbyggingu talningarvélar. Velferðar- og mannréttindaráð situr fundinn undir þessum lið.

Velferðar og mannréttindaráð ásamt Ástu Pálu Harðardóttur og Árna Jóni Harðarsyni frá Fjöliðjunni sátu fundinn undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð felur verkefnastjóra frekari úrvinnslu málsins, meðal annars að kanna möguleika á að nýta gámalausnir.

2. 2508175 - Uppbygging almenningssalerna fyrir fatlað fólk

Umræða um verkefni undir heitinu:

Changing Places Toilets International, en um er að ræða óhagnaðardrifið félag með það að markmiði að byggja upp sérhæfða salernisaðstöðu á almenningssstöðum fyrir fatlað fólk. Félagið var stofnað árið 2019 af James Stuart Smith, Ross Hovey og Jean Hewitt, þremur leiðandi hugsuðum í aðgengismálum.

Velferðar- og mannréttindaráð situr fundinn undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð er áhugasamt um að skoða þetta verkefni frekar og felur sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs að hafa samband við félagið CPI til þess að afla upplýsinga um hvað aðild felur í sér. Málið verði tekið fyrir að nýju þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

Velferðar- og mannréttindaráð vikur af fundi.

3. 2510054 - Framtíð Sands og Fótbolta á Jaðarsbökkum

Lögð er fram tillaga að erindisbréfi fyrir starfshóp um Jaðarsbakka.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram.

4. 2403242 - Sundabraut og Akranes - Umsögn um umhverfismatsskýrslu

Kynning á umhverfismatsskýrslu Sundarbrautar.

Skipulags- og umhverfisráð fagnar framkominni umhverfismatsskýrslu vegna Sundarbrautar.

Fyrir liggur mat á áhrifum Sundabrautar varðandi byggðaðpróun á Akranesi. Niðurstaðan er sú að fjölgun íbúa muni nær tvöfaldast á ári miðað við núverandi spár.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að vinna umsögn um skýrsluna og leggja fyrir næsta fund ráðsins.

5. 2510123 - Kross og Krosslands Eystra - Breyting á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032

skipulagslýsing kynnt vegna breytingar á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna svæðis sem skilgreint er til samfélagsþjónustu verði íbúðabyggð.

Skipulagslýsingu lauk 12.20.25, ekki var óskað eftir umsögn Akraneskaupstaðar við lýsingu og óskar því Akraneskaupstaður eftir því að leitað verði til bæjarins sem umsagnaraðila sem eiganda Akrakotslands á síðari stigum málsins.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa vinnslu málsins og að koma ábendingum á framfæri við Hvalfjarðarsveit.

6. 2502214 - Kirkjubraut 4-6 umsókn til skipulagsfulltrúa

Sótt er um að breyta deiliskipulagi Akratorgs vegna Kirkjubrautar 4-6, í breytingunni felst að heimilt verði að vera með gistiheimili á jarðhæð ásamt atvinnurými við Kirkjubraut. Með breytingunni verða lóðarmörk á milli Kirkjubrautar 4-6 og Suðurgötu 67 færð um 4 m. Gluggum verður komið fyrir að lóðarmörkum Suðurgötu 67, sorp verður sameinlegt með lóð 6A og samþykki liggur fyrir. Komið verði fyrir 12 gistiherbergjum, aðkoma gistiaðstöðu verður frá Suðurgötu.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt skal fyrir Kirkjubraut 1,2,3,5,6 og Suðurgötu 65,67,68,70,71,72. Lóðarhafi ber allan kostnað af breytingunni.

7. 2510122 - Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis 3C - Skógarlundur 17 og 19

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að gerðar verði breytingar á deiliskipulagi í Skógahverfi, áfanga 3C, þannig að nýtingarhlutfall á raðhúsalóðum Skógalundi 17 og 19 verði lækkað í 0,5. Breytingarnar eru gerðar til að mæta þörfum markaðarins fyrir minni íbúðir.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. 2510131 - Umsókn til skipulagsfulltrúa - Breyting á deiliskipulagi Smiðjuvellir 12-22

Sótt er um að breyta deiliskipulagi Smiðjuvalla. Í breytingunni felst að auka íbúðafjölda frá 266 og upp að 268, breytingar á greinagerð um svalaganga og sérafnotareita á jarðhæð verða 4m frá húsi í stað 3m.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin verði samþykkt samkvæmt 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



9. 2507080 - Elínarvegur 13a - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Miðvogslækjarsvæðis. Sótt er um að færa byggingarreit Elínarvegs 13A nær lóðarmörkum um 2m. Einnig er sótt um að heimila íbúðarhúsnæði á lóð, suðurhlutar á lóðinni.

Erindið var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. fyrir Elínarveg 13 og 15b, Akurprýði 5 og 7.

Athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að koma með tillögu að svörum við athugasemdum.

10. 2509020 - Suðurgata 18 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn um að stækka lóð að Suðurgötu 18. Sótt er um stækkun lóðar í suður, í átt að Akursbraut, lóðin er í dag 441,5 fm og verður eftir stækkun 475,9fm.

Erindið var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2012. fyrir Suðurgötu 16 og 20.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr 123/2010 verði samþykkt og send á Skipulagsstofnun og í B-deild stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

11. 2508001 - Smiðjuvellir 15 - Umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa Smiðjuvalla 15 um stækkun á lóð í átt að Akranesvegi. Samkvæmt uppdrætti frá Ask Arkitektum dagsettum 05.09.25 felst að núverandi lóð er 11.351,7 fm en verður 12.233,2fm, heildarstækkun nemur 871,5fm til norðurs. Bílastæðum fjölga um 40 á lóð.

Erindið var grenndarkynnt var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. fyrir Smiðjuvöllum 9 og 17.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að grenndarkynning sem gerð var skv. 43. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr 123/2010 verði samþykkt og send á Skipulagsstofnun og í B-deild stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

12. 2501367 - Skipulagsgátt - umsagnarbeiðni vegna Galtarlækjar L133627

Hvalfjarðarsveit hefur óskað eftir umsögn Akraneskaupstaðar um eftirfarandi mál:

Galtalækur L133627 - Athafna- og hafnarsvæði, nr. 0063/2025: Kynning tillögu á vinnslustigi (Breyting á aðalskipulagi) í gegnum skipulagsgátt.

Skipulags og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að svara erindinu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:45.

Guðrún Ingeborg Guðjónsdóttir
Valgerður E. Jónsson
Ragnar Samundsson